

Fundargerð 19. fundar atvinnu- og samgöngumálanefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 23. apríl í Árnesi.

Á fundinn mættu Bjarni H. Ásbjörnsson og Matthildur María Guðmundsdóttir frá atvinnumálanefnd og Anna Björk Hjaltadóttir og Pálína Axelsdóttir Njarðvík frá Gjálp – félags um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá.

Formaður setti fund kl. 13:10 og ritaði fundargerð.

1. Atvinnustefna Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Bjarni og Matthildur kynntu vinnu atvinnumálanefndar síðustu vikna við mótun atvinnustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir Önnu Björk og Pálínu frá stjórn Gjálpar.

Umræður urðu um markmið og áherslur í uppkasti stefnunnar sem er í vinnslu.

Atvinnumálanefnd var boðið að kynna vinnu við mótun atvinnustefnunnar á aðalfundi Gjálpar þann 1. maí. næstkomandi.

Bjarni og Matthildur eru tilbúin að mæta á aðalfundinn og kynna og ræða hugmyndir við vinnu stefnunnar.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:30.

---

Bjarni H. Ásbjörnsson

---

Matthildur María Guðmundsdóttir